

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 19. október 2021

Mál nr. S-3196/2020:

Héraðssaksóknari

(*Fanney B. Frostadóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Sveinn Andri Sveinsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 21. september 2021, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 14. maí 2020, á hendur X, kt. [...], [...], [...] fyrir „eftirtalin kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum:

I.

Með því að hafa þriðjudaginn 12. mars 2019 staðið við glugga á heimili sínu að M í Reykjavík á jarðhæð nakinn að neðan og snert þar kynfæri sín meðan hann fylgdist með drengjunum A og B, þá 9 ára gömlum, sem voru að leik utandyra þar skammt frá og sáu athæfi ákærða og þannig sýnt af sér ósiðlegt athæfi sem var til þess fallið að særa blygðunarsemi drengjanna.

II.

Með því að hafa laugardaginn 25. maí 2019 staðið við glugga á heimili sínu að M í Reykjavík á jarðhæð klæddur í nærbol og nærbuxur eða nakinn að neðan og snert þar kynfæri sín meðan hann fylgdist með drengjunum C og D, þá 11 ára gömlum, sem voru á leiksvæði þar skammt frá og sáu athæfi ákærða og þannig sýnt af sér ósiðlegt athæfi sem var til þess fallið að særa blygðunarsemi drengjanna.

Telst háttsemi skv. I. og II. kafla ákæru varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu E, kt. [...], fyrir hönd ólögráða sonar hennar A, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 25. maí 2019 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu F, kt. [...], fyrir hönd ólögráða sonar hennar B, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 25. maí 2019 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu G, kt. [...], fyrir hönd ólögráða sonar hans C, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. júlí 2019 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu H, kt. [...], fyrir hönd ólögráða sonar hennar D, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. júlí 2019 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Þá gaf héraðssaksóknari út ákæru á hendur ákærða 3. júní 2021 og var það mál sameinað þessu. Eru ákærða þar gefin að sök eftirtalin kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum:

„1. Með því að hafa fimmtudaginn 21. nóvember 2019 staðið við glugga á heimili sínu að M í Reykjavík, á jarðhæð, nakinn að neðan þannig að kynfæri hans sáust, og fylgst með drengjunum I og J, þá 8 ára gömlum, sem voru staddir utan við heimili ákærða og

sáu athæfi hans og þannig sýnt af sér ósiðlegt athæfi sem var til þess fallið að særa blygðunarsemi drengjanna.

Telst háttsemi ákærða varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. Með því að hafa föstudaginn 22. nóvember 2019 staðið við glugga á heimili sínu að M í Reykjavík, á jarðhæð, klæddur stuttermabol og nærbuxum sem hann hafði dregið niður, og fylgst með drengjunum I og J, þá 8 ára gömlum, sem voru staddir utan við heimili ákærða og sáu athæfi hans og þannig sýnt af sér ósiðlegt athæfi sem var til þess fallið að særa blygðunarsemi drengjanna.

Telst háttsemi ákærða varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

3. Með því að hafa föstudaginn 22. nóvember 2019 staðið við glugga á heimili sínu að M í Reykjavík, á jarðhæð, með buxurnar á hælunum og strokið kynfæri sín þannig að þegar lögreglumenn nr. K og L komu að heimili ákærða til að ræða við hann, vegna tilkynninga um háttalag hans skv. 1. og 2. lið ákæru, varð lögreglumaður nr. L vitni að athæfi hans en með þessu sýndi ákærði af sér ósiðlegt athæfi sem var til þess fallið að særa blygðunarsemi lögreglumannsins.

Telst háttsemi ákærða varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Með því að hafa laugardaginn 9. maí 2020 staðið við glugga á heimili sínu að M í Reykjavík, á jarðhæð, nakinn að neðan og snert kynfæri sín meðan hann fylgdist með drengjunum N, þá 13 ára gömlum, og D, þá 12 ára gömlum, sem voru að leik utandyra þar skammt frá og þannig sýnt af sér ósiðlegt athæfi sem var til þess fallið að særa blygðunarsemi drengjanna.

Telst háttsemi ákærða varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu O, kt. [...], vegna ólöggráða sonar hennar I, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- auk vaxta skv.

8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 15. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu P, kt. [...], vegna ólögráða sonar hennar J, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 1.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 15. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu Q, kt. [...], vegna ólögráða sonar hennar N, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða N miskabætur að fjárhæð kr. 500.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 9. maí 2020 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu H, kt. [...], vegna ólögráða sonar hennar D, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða D miskabætur að fjárhæð kr. 500.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 9. maí 2020 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en þá með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst þess að hann verði sýknaður og einkaréttarkröfum verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og að bætur verði lækkaðar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Ákæruliður I í ákæru frá 14. maí 2020

Þann 12. mars 2019 barst lögreglu beiðni um að fara að [...] vegna símtals frá drengnum B sem hafði tilkynnt að fullorðinn maður væri að bera sig í stofuglugga á íbúði á jarðhæð að M. Lýsti hann því að maðurinn væri einungis í stuttermabol að ofan og

nakinn að neðan. Lögregla fór á staðinn og ræddi við drengina B og A sem sögðust báðir hafa séð manninn innandyra vera að bera sig við gluggann og „klóra sér í klofinu“ á meðan hann hefði fylgst með þeim. Þeir lýstu því að þeim hefði brugðið mjög og ákveðið að láta lögregluna vita. Drengirnir bentu á íbúð þar sem ákærði býr. Lögregla fór þá og ræddi við ákærða sem var kominn í föt. Hann kvaðst ekki hafa áttað sig á því að einhver væri að horfa á hann. Honum voru gefin skýr skilaboð um að svona háttsemi væri ekki í lagi og kvaðst hann mundu taka það til greina.

B gaf skýrslu í Barnahúsi 15. apríl 2019. Hann lýsti því að hann hefði áður séð ákærða vera að horfa á sig og þennan dag hefði hann ákveðið að hringja í lögregluna. Hann sagði að þeir félagarnir hefðu verið á leikvöllinum að leika sér í rólunum þegar þeir hefðu séð ákærða í svaladyrunum inni hjá sér. Hann hefði verið ber að klóra sér í einkastaðnum og horft á þá á meðan. Drengurinn kvaðst hafa orðið mjög hræddur og talið þetta hafa viðgengist of lengi. Þegar lögreglan hefði komið hefði maðurinn farið inn í íbúðina. Hann sagðist þurfa að ganga aðra leið heim til sín núna því það væri óþægilegt að fara fram hjá íbúð ákærða enda hefði hann haldið þessari háttsemi áfram.

Sama dag gaf A skýrslu í Barnahúsi. Hann kvað ákærða endalaust vera að horfa á þá strákana, nakinn að neðan í bol að klóra sér „á einum stað“. Síðast þegar hann hefði séð hann hefðu hann og B vinur hans hringt í lögregluna. Þeir hefðu verið nálægt húsinu hans úti að leika sér þegar þeir hefðu séð ákærða að horfa á þá út um gluggann og klóra sér í typpinu. Ákærði væri alltaf í ermalausum bol en engum nærbuxum. Þá lýsti hann hræðslu vegna hegðunar ákærða.

Ákæruliður II í ákæru frá 14. maí 2020

Þann 25. maí 2019 hafði drengurinn C samband við lögreglu og kvaðst hafa verið með tveimur vinum sínum á leiksvæði þegar þeir hefðu séð buxnalausan mann úti í glugga á jarðhæð í M að horfa á þá og fikta í klofinu á sér. Lögreglumenn fóru á staðinn og ræddu við drengina C, D og R. Þeir greindu frá því að þeir hefðu verið að leika sér á leikvelli vestan við M þegar D og C hefðu veitt eldri manni athygli þar sem hann hefði staðið til hálfis bak við gardínu og verið að fylgjast með þeim. Hann hefði verið buxnalaus og verið að eiga við kynfæri sín. Hann hefði horfið þegar hann hefði séð að drengirnir voru að fylgjast með honum, en stuttu seinna hefðu þeir séð að hann var aftur farinn að fylgjast með þeim í gegnum gluggatjöldin. Drengirnir vísuðu á íbúðina þar sem maðurinn hafði verið. Lögreglumennirnir veittu því athygli að eldri karlmaður var að fylgjast með ferðum þeirra. Þau bönkuðu á svaladyrnar og ákærði hleypti þeim inn. Hann virtist í nokkru uppnámi. Svör ákærða um það hvort hann hefði verið að fylgjast með drengjunum voru á reiki en hann viðurkenndi svo að hafa verið að fylgjast með þeim stutta stund. Spurður hvort hann hefði verið buxnalaus kvaðst hann hafa verið á

stuttbuxum fyrr um daginn að gera æfingar inni hjá sér. Hann neitaði því að hafa verið að fikta við kynfæri sín úti í glugga.

C gaf skýrslu í Barnahúsi 25. júní 2019. Hann kvaðst hafa verið á leikvelli með vinum sínum, D og R, að leika sér í rólunum þegar þeir hefðu séð mann sem hefði horft á þá úr svalaglugga í jarðhæð. Einn þeirra hefði þá sagt „af hverju er hann ekki í buxum?“ og þeim hefði sýnst að hann væri að fróa sér. Maðurinn hefði staðið í glugganum og gardína hefði verið fyrir, en svo hefði sést að hann var ekki í buxum og síðan hefði sést að hann var með hendurnar í klofinu. Hann hefði verið ber að neðan en að ofan í nærbol eða stuttermabol. Það hefði sést vel til mannsins. Hann teldi að maðurinn hefði verið að reyna að fá þá til að horfa á klofið á sér þar sem hann hefði verið að fikta í því, lyft hendinni og farið með hana aftur eins og þeir ættu að fylgja henni. Maðurinn hefði staðið við gluggann í um fimm mínútur og þá farið frá en alltaf komið aftur. Eftir um 25 til 30 mínútur hefðu þeir ákveðið að hringja á lögregluna. Þeir hefðu áður heyrt perrasögur um þennan mann en ekki haft áhyggjur þar sem hann hefði átt að vera fluttur. Drengurinn lýsti því að sér hefði liðið illa þegar þetta hefði verið að gerast og orðið hræddur og í kjölfarið fengið martraðir.

Þann sama dag gaf D skýrslu í Barnahúsi. Hann kvaðst hafa verið með C, vini sínum, að róla þegar þeir hefðu séð manninn fylgjast með þeim þar sem hann hefði staðið fyrir aftan gardínu á hurðinni. Það sæist vel að íbúð mannsins. Hann hefði opnað dyrnar og horft á þá, síðan falið sig fyrir aftan gardínu og lokað. Hann hefði einungis verið klæddur í nærbol. Maðurinn hefði snert á sér punginn og fiktað í typpinu. Þeir hefðu verið að hugsa um að fara heim en ákveðið að sækja R, vin sinn, og hann hefði komið og séð manninn. C hefði orðið smeykur og ákveðið að hringja á lögregluna. Hann kvaðst hafa heyrt sögur af ákærða áður, að hann hefði verið að gera skrítna hluti eins og að flassa. Hann hefði hins vegar haldið að hann væri fluttur. Hann lýsti því að sér hefði fundist þessi upplifun óþægileg og hann hefði eftir á orðið svolítið hræddur. Hann hefði óttast að maðurinn yrði reiður vegna þess að þeir hefðu kallað lögreglu til. Í dag liði honum þó ágætlega.

Þá gaf R einnig skýrslu í Barnahúsi sama dag. Hann kvaðst hafa farið með D og C út á leikvöll. Þeir hefðu sagt honum að maðurinn hefði staðið nakinn við svalahurðina og horft á þá. Þeir hefðu verið hissa og smá hræddir. Þegar hann hefði komið út hefðu þeir séð manninn horfa á þá og ákveðið að hringja á lögregluna. Hann hefði sjálfur ekki séð manninn allsberan en félagar hans hefðu sagt að hann hefði verið það. Hann kvaðst hafa heyrt sögur um þennan mann sem væri kallaður „perrinn í bláa húsinu“ en það hefði ekki sést til hans lengi.

Ákæruliðir 1, 2 og 3 í ákæru frá 3. júní 2021

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu barst tilkynning frá manni sem sagði að sonur hans og vinur hans hefðu orðið vitni að því að maður hefði berað sig úti í glugga á útidyráhurð þegar drengirnir hefðu verið að koma heim úr skólanum. Maðurinn búi á jarðhæð með glugga sem snúi út að leikvelli og göngustíg þar sem börn gangi til og frá skóla. Lögregla ræddi við mæður drengjanna tveggja, sem sögðu að þeir hefðu komið heim úr skóla og sagt frá því að þeir hefðu séð manninn í íbúð á jarðhæð að M bera sig við glugga við svalahurð. Þeir hefðu einnig talað um að þetta hefði gerst daginn áður. Lögreglan fór að íbúðinni í M. Þegar lögreglumaður nr. L gekk upp tröppur að íbúðinni og að stofuglugga íbúðarinnar sá hann ákærða með buxurnar á hælunum að fitla við lim sinn við stofugluggann þannig að hver sem var hefði getað séð hann við þennan verknað. Þegar ákærði sá lögreglumanninn hljóp hann með buxurnar á hælunum inn í íbúðina. Hinn lögreglumaðurinn sá ákærða einnig hlaupa með buxurnar á hælunum. Lögregla knúði dyra og ákærði opnaði fullklæddur. Ákærði játaði að hafa verið ber að neðan og verið að fitla við getnaðarlim sinn þegar lögreglan kom að. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa séð nein börn. Spurður hvers vegna hann gerði þetta sagði hann þetta sennilega vera einhvers konar sýniþörf og þörf fyrir að vera fáklæddur inni í íbúðinni, en hann kvaðst ætla að hætta þessari iðju.

Í viðbótarskýrslu lögreglumanns nr. L kemur fram að hann hafi farið ásamt félaganum sínum að heimili ákærða. Í þágu rannsóknar málsins hafi hann ákveðið að fara inn á verönd ákærða til að athuga hvort hann væri enn við gluggann og gekk hann á undan félaganum sínum. Sá hann þá hvar ákærði stóð inni í íbúðinni, upp við stóran glugga, með buxurnar á hælunum. Greinilega hefði sést að ákærði hélt utan um lim sinn og var að fróa sér. Gluggatjöld hafi verið dregin frá þannig að vel hafi sést inn í íbúðina. Ákærða hefði brugðið í brún þegar hann sá lögreglu og hann hefði snúið sér snögglega við og gengið inn í íbúðina með buxurnar á hælunum.

Skýrsla var tekin af I í Barnahúsi 11. febrúar 2020. Hann kvaðst hafa verið með vini sínum á leið á æfingu þegar þeir hefðu séð gamlan mann sem stæði endalaust úti í glugga, horfði á krakka og sýndi á sér typpið. Það sama hefði gerst tvo daga í röð. Fyrri daginn hefðu þeir verið að ganga heim úr skólanum. Maðurinn hefði þá staðið í garðdyrunum „á typpinu“. Hann hefði bara verið klæddur í stuttermabol. Þeir hefðu hlaupið eiginlega strax í burtu. Næsta dag hefðu þeir verið á leiðinni á íþróttæfingu og hefðu séð hann í sama glugga á nærbuxunum að stara á þá. Hann hefði tekið bolinn upp og buxurnar hefðu verið niður. Þeir hefðu reynt að ganga fram hjá og hunsa hann. Honum hefði liðið „þínu illa“ með þetta og hann orðið hræddur. Honum liði vel núna en hann þyrði eiginlega ekki að ganga þarna um.

Sama dag var tekin skýrsla af J í Barnahúsi. Hann kvaðst hafa verið að prófa nýja rólu með I, vini sínum, þegar þeir hefðu séð gamlan mann kíkja bak við gluggatjöldin í íbúð fyrir ofan leikvöllinn og horfa á þá. Hann hefði verið við glugga í svalahurð og verið

allsber, en þó í bol að ofan. Þeir vinirnir hefðu hjólað eins hratt og þeir hefðu getað heim til vinar hans. Þetta hefðu verið tvö skipti, en í hitt skiptið hefði hann verið í nærbuxum sem hann hefði tekið niður og verið þá bara „á typpinu“. Drengurinn kvaðst vita til þess að þessi maður horfði oft á börn að leika sér, en ef fullorðnir kæmu færi hann á bak við gardínurnar. Þetta hefði svo gerst aftur þegar þeir vinirnir hefðu verið að fara á fótboltaæfingu. Hann sagðist fá öran hjartslátt yfir þessu og ekki vilja fara á leikvöllinn af því að hann væri hræddur við manninn. Hann hefði oft séð hann bak við gardínurnar en tvisvar séð hann beran. Í annað skiptið hefði hann verið með hendurnar á mjöðm og í hitt skiptið niður með síðum.

Þann 11. desember 2020 var tekin skýrsla af S. Hann kvaðst hafa verið á leikvöllinum ásamt vinum sínum, J, I o.fl. þegar hann hefði séð manninn horfa á þá úr glugganum. Maðurinn hefði verið í nærbuxum og nærbol. Hann hefði orðið hræddur, gefið honum fingurinn og hlaupið burt.

Ákæruliður 4 í ákæru frá 3. júní 2021

Þann 9. maí 2020 var lögregla send á leikvöllinn milli M og [...] vegna tilkynningar um eldri mann sem væri að bera sig fyrir ungum drengjum. Lögregla hitti þar fyrir tvo drengi sem sögðust hafa verið að leika sér á leikvöllinum þegar þeir sáu eldri mann vera að bera sig í blokk við M. Þeir sögðu jafnframt að þetta hefði gerst áður. Drengirnir lýstu því að um væri að ræða gamlan og gráhærðan mann sem hefði staðið innan við lokaðar svaladyr með glerhurð. Hann hefði verið í rauðum stuttermabol en nakinn að neðan. Hann hefði haldið um kynfæri sín og verið með kynferðislegar handahreyfingar þar um. Hann hefði horft á þá allan tímann meðan hann var í glugganum, en þeir vissu ekki hve lengi þetta hefði varað. Farið var á heimili ákærða þar sem hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöð.

Skýrsla var tekin af N í Barnahúsi 27. maí 2020. Hann kvaðst hafa verið með D, vini sínum, í [...]hverfi. Þeir hefðu farið á leikvöll sem kallaður væri perraróló vegna manns sem væri alltaf nakinn að horfa á fólk. Þennan dag hefðu þeir séð hann allsberan, nema í rauðum nærbol, að runka sér og horfa á þá. Þeir hefðu séð höndina á honum hreyfast við gardínu og hlaupið burt og hringt í lögregluna. Maðurinn hefði farið frá og komið aftur og fimm mínútum áður en lögreglan kom hefði maðurinn hætt að horfa. Hann lýsti því að sér hefði fundist þetta óþægileg upplifun og hann myndi ekki fara aftur á þennan leikvöll fyrr en staðfest væri að maðurinn væri ekki þar lengur.

Þann sama dag gaf D skýrslu í Barnahúsi. Hann kvaðst hafa verið á svokölluðum perraróló ásamt N, vini sínum. Leikvöllurinn hefði lengi verið kallaður þetta og hann hefði verið hræddur við að ganga þar fram hjá þar sem sagt væri að þar byggju perrar. Þeir vinirnir hefðu verið að róla sér þegar N hefði spurt hvort þetta væri maðurinn sem allir væru að tala um í glugganum. Maðurinn hefði þá staðið við gluggann, í rauðum bol,

og verið að snerta sig. Hann hefði reynt að fela sig bak við gardínurnar til að horfa á þá. Hann hefði ekki séð typpið á manninum en hefði séð hendurnar og vitað hvað hann hefði verið að gera þar sem hann hefði séð typpið á honum áður. Hann lýsti því að sér hefði liðið mjög illa það sem eftir var dagsins.

Þann 17. september 2020 var T geðlæknir dómkvaddur til geðrannsóknar á ákærða, í því skyni kanna þroska hans og leiða í ljós hvort hann hefði verið fær eða alls ófær um að stjórna gerðum sínum í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á þeim tíma er framangreind atvik áttu sér stað, eða eftir atvikum hvort ætla mætti að refsing gæti borið árangur, sbr. 16. gr. sömu laga. Í matsgerð hans, frá 30. október 2020, er aðstæðum og heilsufarssögu ákærða lýst. Fram kemur að geðskoðun hans sé eðlileg og hann hafi verið samvinnuþýður. Hann greindi matsmanni frá því að hann gengi stundum nakinn um heima hjá sér en neitaði því sem honum er gefið að sök í málinu.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði neitar sök. Hann kvaðst hafa búið einn að M í 20 ár. Hann hefði grasreit fyrir framan stofugluggann og þar fyrir framan væru tré, en fyrir neðan væri leikvöllur. Hann sæi yfir leikvöllinn á sumrin en trén, sem væru um tveir til fjórir metrar á hæð, skyggðu á. Göngustígur væri á milli sem lægi neðar en íbúðin hans. Nokkra lagni þyrfti til að sjá inn til hans og í raun þyrfti að fara inn á lóðina. Rimlagluggatjöld væru í íbúðinni sem hann hefði yfirleitt dregin fyrir gluggana. Ákærði kvaðst ekki muna eftir atvikinu í ákærulið I í ákæru héraðssaksóknara frá 14. maí 2020. Hann taldi að hann hefði á þessum tíma verið heima í frí frá vinnu. Hann kannaðist við að hafa gefið skýrslu hjá lögreglu en kannaðist ekki við að það væri rétt sem haft væri eftir honum í skýrslunni, að öðru leyti en því að hann hefði verið að koma úr sturtu. Ákærði mundi ekki heldur eftir atvikinu í ákærulið II. Verið gæti að hann hefði verið á nærfötunum umrætt sinn, en hann hefði ekki verið í glugganum. Hann væri stundum léttklæddur inni við, í nærból og stuttbuxum, en ekki nakinn nema hann væri að fara á milli baðherbergisins og svefnherbergisins. Hann gerði daglega æfingar í íbúðinni þar sem hann væri léttklæddur, yfirleitt á bol og stuttbuxum. Þessar æfingar tækju yfirleitt 30–45 mínútur og hann gerði þær á ganginum. Varðandi atvik í ákæruliðum 1, 2 og 3 í ákæru héraðssaksóknara frá 3. júní 2021 kvaðst ákærði hafa sofið illa um nóttina og lagt sig um morguninn. Hann hefði ekki fundið nærbuxur og hefði því einungis klæðst náttreyju og verið ber að neðan. Þegar hann hefði vaknað og farið fram á salerni hefði hann séð mann við gluggann stara inn í íbúðina. Þar hefði þá lögreglan verið komin. Hann hefði hins vegar ekkert verið á ferðinni um íbúðina áður, kannaðist ekki við að hafa séð neina drengi og heldur ekki daginn áður. Ákærði kvaðst hafa verið ber að neðan þegar lögregluna hefði borið að en hann hefði strax farið og klætt sig í nærbuxur og buxur. Lýsing á atvikinu í ákæru, að hann hefði

verið með buxurnar á hælunum, væri ekki rétt. Þá kannaðist hann ekki við að hafa viðurkennt að hafa verið að fitla við sig eins og haft væri eftir honum í lögregluskýrslu. Ákærði kannaðist ekki við atvikið í ákærulið 4. Hann taldi að hann hefði verið klæddur allan daginn en mundi eftir að hafa verið handtekinn og færður á lögreglustöð. Hann gæti hafa setið og lesið þennan dag en myndi ekki vel eftir því. Spurður af hverju hann héldi að þessi háttsemi væri borin á hann kvað hann það mögulega vera vegna þess að það þætti skrytið að hann byggi einn, en hann taldi ekki að nágrannar hans vissu af fyrri dómum á hendur honum.

Vitnið F, móðir brotapolans B, kvað son sinn fjórum til fimm sinnum áður hafa sagt frá háttsemi ákærða og hún hefði sagt honum að næst þyrfti að hringja í lögregluna. Hann hefði svo sjálfur gert það og hringt í hana til að láta hana vita. Hann hefði greint henni frá því að hann hefði séð mann sem byggi á móti róló, rétt hjá skólanum, að fikta í typpinu. Hann hefði staðið við gluggann á meðan og horft á hann og vin hans, A. Hún hafi sjálf séð að það sjáist beint inn í íbúð mannsins frá róluvellinum. Sonur hennar hefði fyrst í stað einkum fundið til stolts yfir sjálfum sér fyrir að hafa hringt í lögregluna, en svo hefði hann lýst ótta vegna atviksins.

Vitnið E, móðir brotapolans A, kvaðst hafa verið heima við er sonur hennar hefði komið inn frá því að leika sér með B, vini sínum, og sagt henni frá því að þeir hefðu hringt í lögregluna. Þeir hefðu séð eldri mann nakinn að runka sér á heimili sínu, sem snúi að leiksvæði þar sem hann hefði verið hjá rólunum en þeir hefðu séð manninn vel. Hún var ekki viss um hvort þeir hefðu greint frá því að maðurinn hefði verið alveg nakinn eða einungis ber að neðan, en sést hefði í kynfæri hans. Hún búi í blokkinni við hliðina og sjái yfir að gluggunum hans. Sonur hennar hefði fengið áfall og verið nokkuð hræddur eftir þetta. Hún hefði ekki merkt miklar breytingar á honum, en hann vildi ekki lengur fara á þetta leiksvæði. Þau hefðu heyrt af því frá nágrönnum að svona atvik hefðu ítrekað gerst. Hún hefði þó ekki heyrt neitt um þennan mann fyrr en eftir atvikið.

Lögreglumaður nr. U, kvaðst hafa svarað útkalli að M ásamt lögreglumanni nr. V. Þar hefðu verið tveir ungir drengir sem hefðu greint frá því að hafa séð mann bera sig. Þeim hefði virst vera brugðið og ekki fundist þetta eðlilegt. Þeir hefðu bent á íbúð á jarðhæð þar sem maðurinn hefði staðið íklæddur bol að klóra sér í klofinu fyrir framan þá. Drengirnir hefðu verið á leikvelli að leika sér og gluggi íbúðarinnar snúi að leikvellinum. Lögreglan hefði farið að stofuglugga mannsins. Hann hefði verið smá tíma að koma til dyra og hefði verið kominn í fót þegar hann hefði komið til dyranna. Hann hefði viðurkennt að hafa verið ber að neðan, en sagst ekki hafa gert sér grein fyrir að einhver væri að horfa á hann. Honum hefði verið gerð grein fyrir því að þetta væri ekki í lagi og bent á að láta þetta ekki endurtaka sig.

Lögreglumaður nr. V kvaðst hafa svarað útkalli vegna manns sem væri ber að neðan að fitla við sig, eftir tilkynningu frá börnum. Maðurinn hefði viðurkennt að hafa verið

nakinn að neðan í glugganum og sagt að hann hefði verið að klóra sér, en hann hefði ekki áttað sig á því að verið væri að horfa á hann eða að það væru börn þarna. Honum hefði verið brugðið en verið kurteis. Hann kvað sig minna að börnin hefðu sagt að þau hefðu séð þetta háttalag áður og hefðu því fylgst með mannum.

Vitnið H, móðir brotapolans D, lýsti því að sonur hennar hefði ekki viljað ganga í skólann, en leið hans hefði legið með fram leiksvæði sem kallað hefði verið perraróló. Hún hefði ekki tekið þessu alvarlega strax en einn daginn hefði sonur hennar komið inn ásamt vinum sínum, C og R. Þeir hefðu verið óðamála og talað hver ofan í annan. Þeir hefðu sagt henni að þeir hefðu verið á leikvöllinum og séð mann vera að snerta sig. Þeir hefðu lýst því þannig að hann hefði verið í svaladyrunum heima hjá sér að nudda sig að neðan og ekki verið í neinum fötum þar. Þeim hefði greinilega verið mikið brugðið og hefðu hringt sjálfir á lögreglu. Hún hefði upplifað að sonur hennar væri brotinn eftir þetta og hefði kennt sjálfum sér um. Spurð um framburð sinn hjá lögreglu um að hugsanlega hefðu drengirnir ögrað mannum kvaðst hún nú vera viss um að svo hefði ekki verið. Annað svipað atvik hefði átt sér stað nokkru síðar. Þá hefði sonur hennar hringt í hana frá vini sínum og sagst ætla að koma heim og ræða við hana. Hann hefði þá greint frá því að hafa upplifað það sama, en lýsingin hefði verið heldur grófari þá. Hann hefði sýnt með handahreyfingum hvernig maðurinn hefði verið að runka sér fyrir framan hann. Henni hefði fundist sonur hennar leiður og bugaður eftir þetta og hún hefði orðið vör við breytta hegðun sem hún tengi við þessi atvik.

Vitnið G, faðir brotapolans C, lýsti því að sonur hans hefði hringt í hann í uppnámi og sagt að hann hefði verið á leikvelli við hliðina á húsinu þeirra ásamt tveimur vinum sínum er þeir hefðu séð mann í glugga vera að bera sig og „fróa sér“. Hann hefði spurt hvort það hefði ekki verið í lagi að hringja í lögregluna og láta vita. Hann hefði greint frá því að þetta væri eldri maður í íbúð við leikvöllinn. Vitnið kvaðst hafa heyrt sögur um þennan mann í gegnum árin. Hann hefði sjálfur gengið þarna um svæðið og séð hvar íbúð mannsins lægi, aðeins ofar en leiksvæðið, og vel sæist inn um gluggana frá leikvöllinum. Hann hefði greint kvíða og spennu vegna þessa hjá syni sínum. Hann hefði til að mynda áhyggjur af yngri systkinum.

Lögreglumaður nr. Y kvaðst hafa mætt í M vegna tilkynningar drengja á leikvelli um mann í glugga að eiga við sig. Rætt hefði verið við drengina sem hefðu lýst því að maðurinn hefði verið buxnalaus að eiga við klofið á sér. Þeir hefðu ekki verið mjög skelkaðir en ekki fundist þessi háttsemi mannsins í lagi. Þeir hefðu verið á leikvelli um 20 m frá íbúð ákærða sem sé á jarðhæð og það sjáist vel á milli hennar og leikvallarins. Lögreglumennirnir hefðu tekið eftir því að verið væri að fylgjast með þeim þaðan á meðan þeir hefðu rætt við drengina en búið hefði verið að draga fyrir flesta gluggana. Hann hefði svo farið þangað og bankað upp á. Maðurinn hefði boðið þeim inn en verið í mikilli vörn. Hann hefði neitað því að hafa verið að gera það sem borið var á hann en

viðurkennt að hafa fylgst eitthvað með drengjunum. Hann hefði sagst hafa verið léttklæddur að gera æfingar á heimili sínu.

Lögreglumaður Z, kvaðst hafa mætt að M eftir að drengur hefði hringt og óskað aðstoðar. Hann hefði greint frá því að buxnalaus maður hefði verið í glugga að fikta í klofinu á sér. Þau hefðu hitt fyrir þrjá drengi sem hefðu sagt að þeir hefðu verið að leika sér á leiksvæðinu er þeir hefðu séð þetta. Þeir hefðu virst trúverðugir og í smá áfalli. Þeir hefðu vísað á íbúð og þau hefðu séð mann þar horfa á þau, aftan við gardínurnar, annað slagið meðan þau hefðu rætt við drengina. Þau hefðu síðan farið og bankað á svaladyrnar. Maðurinn hefði opnað fyrir þeim og verið fullklæddur. Hann hefði virst stressaður en hefði boðið þeim inn og rætt við þau. Hann hefði kannast við að hafa horft á drengina en neitað því að hafa verið buxnalaus eða að hafa verið að fikta við sig. Hann hefði sagst hafa verið að gera leikfimisæfingar.

Vitnið H, móðir brotapolans I, kvað hann hafa komið heim eftir skóla með vini sínum og greint frá því að hafa séð ákærða frá leiksvæðinu. Það sama hefði gerst tvo daga í röð og hún hefði þá ákveðið að hringja í lögreglu til að spyrja hvað hægt væri að gera. Sonur hennar hefði lýst því að maðurinn hefði staðið fyrir innan svaladyrnar hjá sér, en þaðan hafi hann útsýni yfir leikvöllinn. Á veturna sjáist mjög vel þarna á milli en minna á sumrin vegna gróðurs. Hún sjái sjálf yfir að íbúð ákærða og hafi séð hann vera mikið að líta út. Syni hennar hefði verið brugðið yfir þessum atvikum. Þau búi ennþá á sama stað og hafi rekist á manninn í sumar og það hafi truflað son hennar. Hann treysti sér ekki til að vera einn á þessu svæði og hafi haft ýmsar áhyggjur. Hún hefði áður heyrt sögur af manni á svæðinu sem ætti það til að bera á sér kynfærin og umræðu um að þarna byggi barnaperri sem hefði fengið dóm áður.

Vitnið P, móðir brotapolans J, lýsti því að hann hefði farið með vini sínum á leikvöll að skoða nýja rólu þegar þeir hefðu séð manninn. Hún hefði verið í vinnu þegar sonur hennar hefði hringt í miklu uppnámi og sagt að maður hefði verið að bera sig. Hann hefði talað um dóna sem hefði sýnt „prívatpartinn“. Daginn eftir hefði sonur hennar verið að fara yfir göngustíg við leikvöllinn til að fara heim til I en þá hefðu þeir vinirnir séð manninn aftur. Hann hefði sýnt henni hvernig maðurinn hefði staðið í glugganum með hendur á nára og sagt að hann hefði verið berleggjaður en í einhverju að ofan. Hann hefði sýnt henni hvar maðurinn ætti heima, ofan við leikvöllinn. Hann hefði talað um að svalahurðin hefði verið opin. Eftir þetta hefði hann farið að ímynda sér að eitthvað meira gæti gerst og alltaf viljað vera í strigaskóm til að geta hlaupið burt. Þeir vinirnir hefðu helst ekki viljað fara þessa leið eftir þetta. Stór fjölskylda búi beint á móti þeim og hann hefði viljað að hún léti þau vita svo börnin þar færu ekki á þennan leikvöll. Hann hefði líka verið áhyggjufullur og viljað vara önnur börn við svo þau myndu ekki lenda í þessu. Það sé erfitt fyrir son hennar að rifja upp atvik þessa máls og hann vilji helst gleyma þessu.

Lögreglumaður nr. L kvaðst hafa svarað tilkynningu ungra drengja um nakinn mann úti í glugga. Hann hefði kannast við þetta ástand þar sem áður hefði verið tilkynnt um slíka háttsemi á þessum stað. Hann hefði ákveðið að fara inn á verönd hjá manningnum. Maðurinn hefði þá staðið við gluggann þar að neðan með buxurnar á hælunum, greinilega að fróa sér. Hann hefði verið uppi við gluggann og dregið hefði verið frá. Manninum hefði brugðið við að sjá hann og snúið sér við þannig að sést hefði í rasskinnar hans. Hann hefði verið í hvítum hlýraból með buxurnar niðri á hælum og vegna þess gengið eins og mörgæs. Lögreglumennirnir hefðu bankað upp á og farið inn, en félagi hans hefði rætt við manninn. Hann myndi ekki vel hvað hann hefði sagt. Honum hefði sjálfum brugðið við atvikið og fundist það óþægilegt. Maðurinn hefði virst vera miður sín en hann hefði verið búinn að klæða sig. Vitnið kvað vel sjást yfir leikvöllinn frá íbúðinni þegar ekki væri mikill gróður.

Vitnið Q, móðir brotapolans N, kvað son sinn hafa hringt og sagt henni að hann hefði verið á leikvöllinum sem kallaður væri perraróló þegar þeir hefðu séð mann einungis klæddan í bol vera að gera handahreyfingar í glugganum hjá sér. Hann hefði svo komið heim, ásamt vini sínum, og sagt frá því að maðurinn hefði einungis verið klæddur í bol og það hefði litið út eins og hann hefði verið að runka sér. Þetta atvik hefði „tekið sakleysið“ frá syni hennar. Hann hefði verið lítill í sér eftir þetta og t.d. átt erfitt með að fara í sund þar sem honum hefði fundist allir vera að horfa á sig.

Lögreglumaður nr. Þ kvaðst hafa komið á vettvang vegna tilkynningar um mann sem væri að bera sig fyrir börnum á leikvelli. Hann hefði rætt við nokkur börn og í framhaldinu við foreldra þeirra. Börnin hefðu verið á leikvelli fyrir aftan íbúð mannsins, en smá brekka væri upp að íbúðinni. Á henni væru svaladyr með gleri og útsýni væri yfir leikvöllinn. Börnin hefðu lýst því að maðurinn væri gamall og hefði verið í stuttermabol en nakinn að neðan. Hann hefði verið í dyrunum að runka sér og hefði starað á þau allan tímann. Maðurinn hefði verið inni í íbúðinni þegar lögreglumennirnir hefðu komið að og opnað fyrir þeim en hann myndi ekki hvað hann hefði sagt.

Vitnið T geðlæknir greindi frá mati sínu á ákærða. Hann hefði rætt við ákærða og farið yfir gögn málsins. Hann sagði ákærða vel gefinn mann sem kæmi eðlilega fyrir. Hann væri bærilega virkur og gæfi hluta af tekjum sínum til hjálparsamtaka. Hann ætti þó ekki marga vini og væri mikið einn. Hann hefði kannast við að ganga nakinn um heima hjá sér en ekki viðurkennt að hafa verið að fróa sér. Ákærði líti ekki á háttsemi sína sem vandamál. Honum finnst hann geta gengið um nakinn inni hjá sér. Hann hefði þó orðið fyrir aðkasti, til að mynda hefðu rúður verið brotnar hjá honum. Ekkert hefði komið fram hjá honum sem benti til kynferðislegs áhuga á börnum. Matsmaðurinn taldi hvorki 15. né 16. gr. almennra hegningarlaga eiga við um ákærða. Hann væri haldinn strípihneigð en þá fái menn eitthvað út úr því að aðrir sjái þá nakta. Þeir dragi sig svo

hugsanlega til hliðar og fullnægi sjálfum sér. Erfitt sé að lækna slíkt en aðhald fylgi því að haft verði eftirlit með honum.

Niðurstaða

Ákæruliður I í ákæru frá 14. maí 2020.

Í þessum ákærulið er ákærða gefið að sök að hafa, 12. mars 2019, staðið ber að neðan við glugga á heimili sínu og snert kynfæri sín meðan hann fylgdist með tveimur níu ára gömlum drengjum og hafa með því sýnt af sér ósiðlegt athæfi sem var til þess fallið að særa blygðunarsemi drengjanna. Ákærði neitar sök og kvaðst ekki muna eftir þessu. Hann mundi þó eftir að lögregla hefði komið og hann hefði verið að koma úr sturtu. Hann kannaðist ekki við það sem haft er eftir honum í skýrslu lögreglu um að hann hafi ekki áttað sig á að verið væri að horfa á hann. Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 5. apríl 2019 þar sem hann greindi frá því að hann hefði þennan dag verið að koma úr sturtu og farið ber inn í stofu að ná sér í hrein föt. Hann hefði þá verið stutt frá glugganum í nokkrar mínútur. Hann hefði hins vegar ekki verið í glugganum og ekki séð neina drengi. Það væri ekki rétt að hann hefði viðurkennt á vettvangi að hafa verið úti í glugga.

Ákærði hefur haldið því fram að sérstaka lagni þurfi til að sjá inn um glugga íbúðar hans frá leiksvæðinu eða gangstígnum þar á milli, jafnvel þurfi að fara inn á lóð hans. Í málinu liggja fyrir margar ljósmyndir sem teknar eru ýmist frá leiksvæðinu eða frá íbúð hans. Nokkrir runnar eru á lóð hans sem skyggja að einhverju leyti á útsýnið. Hins vegar sést vel á milli þeirra. Þá hafa börnin, foreldrar þeirra og lögreglumenn, sem komu fyrir dóminn, öll verið samhljóða um að greinilega sjáist á milli, sérstaklega þegar runnarnir eru ekki laufgaðir. Leikur því ekki vafi á því að unnt hafi verið að sjá inn um gluggana á íbúð ákærða.

Drengirnir tveir sem um ræðir í þessum ákærulið gáfu báðir skýrslu í Barnahúsi og greindu frá því að hafa séð ákærða í glugganum að horfa á þá og klóra sér í „einkastaðnum“. Mæður drengjanna komu fyrir dóminn og greindu frá því að þeir hefðu sama dag og atvikið hefði átt sér stað skýrt þeim frá því að ákærði hefði verið ber að neðan og „fiktað í typpinu“. Lögreglumennirnir sem komu á staðinn staðfestu báðir fyrir dóminum hverju drengirnir hefðu lýst og að ákærði hefði viðurkennt að hafa verið ber að neðan í glugganum og sagt að hann hefði ekki gert sér grein fyrir því að einhver væri að horfa á hann. Með framburði beggja lögreglumannanna sem mættu á vettvang er sýnt að ákærði gekkst við því þar að hafa verið nakinn við gluggann á íbúð sinni en breytingar á framburði hans eru ekki trúverðugar. Með framangreindum framburði drengjanna, sem fær stoð í framburði mæðra þeirra og lögreglumannanna, er sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi viðhaft þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og er hún þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákæruliður II í ákæru frá 14. maí 2020

Ákærða er gefið að sök að hafa 25. maí 2019 staðið við glugga á heimili sínu klæddur í nærbol og nærbuxur eða nakinn að neðan og snert þar kynfæri sín meðan hann fylgdist með tveimur ellefu ára drengjum, og þannig sýnt af sér ósiðlegt athæfi sem var til þess fallið að særa blygðunarsemi drengjanna. Ákærði neitar sök og kvaðst fyrir dómi ekki muna eftir þessu atviki. Hann taldi þó að verið gæti að hann hefði verið léttklæddur, í stuttbuxum og bol við íþróttæfingar sem hann geri daglega heima hjá sér. Í skýrslu ákærða hjá lögreglu 17. september 2019 kvaðst ákærði hafa litið út um svefnherbergisgluggann og séð drengina en hann hefði verið í stuttbuxum. Þá neitaði ákærði því að hafa verið að fróa sér. Hann gæti hafa verið með hendurnar niðri við kynfærasvæðið en hann hefði ekki snert neitt.

Báðir brotapolar gáfu skýrslu í Barnahúsi og lýstu því að ákærði hefði verið ber að neðan og snert á sér kynfærin eða fróað sér á meðan hann hefði fylgst með þeim. Þá greindi vinur þeirra frá því að hafa verið sóttur í kjölfarið en vinir hans hefðu greint honum frá þessu og virst vera brugðið. Foreldrar brotapolanna lýstu því jafnframt að þeir hefðu strax lýst slíkri háttsemi fyrir þeim og verið í uppnámi vegna þess. Þá greindu lögreglumennirnir sem komu á vettvang frá því að hafa séð ákærða í gluggum íbúðar sinnar að fylgjast með þeim og hann hefði kannast við að hafa fylgst með drengjunum. Ljóst er af framburði þeirra að vel sást til ákærða frá leiksvæðinu þar sem drengirnir voru. Með framangreindum framburði beggja drengjanna, sem fær stoð í framburði vinar þeirra, foreldra og lögreglumannanna, er sannað, gegn neitun ákærða, að hann var nakinn að neðan og viðhafði þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og er hún þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákæruliðir 1 og 2 í ákæru frá 3. júní 2021

Í þessum ákæruliðum er ákærða gefið að sök að hafa annars vegar 21. og hins vegar 22. nóvember 2019 staðið við glugga á heimili sínu, hið fyrra sinn nakinn að neðan þannig að kynfæri hans sáust, og hið síðara klæddur stuttermabol og nærbuxum sem hann hafði dregið niður, og fylgst með tveimur átta ára gömlum drengjum og þannig sýnt af sér ósiðlegt athæfi sem var til þess fallið að særa blygðunarsemi drengjanna.

Ákærði neitar sök í þessum ákæruliðum. Hann hefur ekkert kannast við fyrra tilvikið en daginn eftir hefði hann verið nýlega vaknaður og verið á leið af salerninu er hann hefði séð lögreglumann við gluggann. Hann hefði ekki gengið um nakinn þennan dag áður en lögreglan hefði komið og ekki orðið var við neina drengi. Ákærði greindi frá atvikum með sama hætti í skýrslutöku hjá lögreglu 9. maí 2020 og 16. mars 2021. Í lögregluskýrslu var haft eftir ákærða að hann viðurkenndi háttsemina en hefði ekki séð nein börn. Ákærði kannast ekki við þann framburð.

Brotapolar í þessum ákæruliðum lýstu því í Barnahúsi að um tvö tilvik hefði verið að ræða sem þeir lýstu báðir þannig að ákærði hefði verið ber að neðan í fyrra sinnið en í það síðara hefði hann verið í nærfötum en tekið nærbuxurnar niður. Mæður drengjanna greindu báðar frá því að þetta hefði gerst tvo daga í röð og lögreglan hefði verið kölluð til síðari daginn. Með framburði drengjanna, sem fær stoð í framburði mæðra þeirra og lögreglumanna sem mættu á vettvang, er sannað að ákærði viðhafði þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákæruliðum og er hún þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Ákæruliður 3. í ákæru frá 3. júní 2021

Ákærða er gefið að sök að hafa í framhaldi af atvikum í ákærulið 2 staðið við glugga á heimili sínu með buxurnar á hælunum og strokið kynfæri sín þannig að þegar lögreglumenn nr. K og L komu að heimili ákærða til að ræða við hann, vegna tilkynninga um háttalag hans í 1. og 2. lið ákæru, hafi lögreglumaður nr. L orðið vitni að athæfi hans, en með þessu hafi hann sýnt af sér ósiðlegt athæfi sem var til þess fallið að særa blygðunarsemi lögreglumannsins.

Ákærði neitar sök í þessum ákærulið. Hann hefur greint frá því að hann hafi lagt sig ber að neðan, verið nývaknaður og á leið af salerninu þegar hann hafi séð lögreglumann við gluggann hjá sér. Það sé ekki rétt að hann hafi verið með buxurnar á hælunum. Framburður hans hjá lögreglu var á sama veg.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var ákærði með buxurnar á hælunum að fitla við lim sinn við stofugluggann þannig að hver sem var hefði getað séð hann þegar lögreglumaður gekk upp tröppur að íbúð hans og sá hann. Í kjölfarið sáu tveir lögreglumenn ákærða fara inn í íbúðina með buxurnar á hælunum. Samkvæmt skýrslunni viðurkenndi ákærði háttsemina fyrir lögreglunni og bar því við að vera haldinn sýniþörf.

Lögreglumaðurinn sem sá ákærða við gluggann greindi frá því að hafa séð greinilega hvar ákærði hefði verið uppi við gluggann að fróa sér þegar hann hefði gengið að íbúð ákærða. Hann gat hins vegar ekki staðfest framburð ákærða á vettvangi. Lögreglumaðurinn sem ritaði frumskýrslu og tók niður framburð ákærða á vettvangi er nú látinn. Samkvæmt þessu er einungis eitt vitni sem hefur borið um framangreinda háttsemi ákærða. Þá nýtur í raun ekki við sýnilegra sönnunargagna um atvikið. Að framangreindu virtu, sem og neitun ákærða, er það mat dómsins að ákærvaldið hafi ekki axlað sönnunarbyrði um sekt ákærða, sbr. 108., 109. og 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008. Ber því að sýkna ákærða af því broti sem hann er sakaður um í þessum ákærulið.

Ákæruliður 4 í ákæru frá 3. júní 2021

Ákærða er gefið að sök að hafa 9. maí 2020 staðið við glugga á heimili sínu nakinn að neðan og snert kynfæri sín meðan hann fylgdist með tveimur 13 ára drengjum sem voru að leik utandyra þar skammt frá og þannig sýnt af sér ósiðlegt athæfi sem hafi

verið til þess fallið að særa blygðunarsemi drengjanna. Ákærði neitar sök. Hann kannast ekki við atvikið utan þess að lögregla hafi komið heim til hans þennan dag, handtekið hann og fært á lögreglustöð. Í skýrslutöku sama dag kvaðst hann hafa verið að gera leikfimiæfingar á heimili sínu, klæddur nærbol og stuttbuxum. Hann hefði svo horft út í þrjár til fjórar mínútur, en engan séð, og verið sestur niður að lesa blöðin þegar lögreglumenn hefðu komið heim til hans.

Drengirnir sem um ræðir gáfu skýrslu í Barnahúsi. Þeir lýstu því báðir að ákærði hefði verið ber að neðan, en í rauðum nærbol að ofan, þar sem hann hefði staðið í glugganum á íbúð sinni, horft á þá og snert sig. Mæður drengjanna staðfestu fyrir dóminum að þeir hefðu samdægurs greint þeim frá þessu atviki með sama hætti. Þá staðfesti lögreglumaður atvik á vettvangi og lýsingu drengjanna þar. Með framangreindum framburði beggja drengjanna, sem fær stoð í framburði mæðra þeirra og lögreglumanns, er sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi viðhaft þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og er hún þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Refsing, einkaréttarkröfur og sakarkostnaður

Ákærði er fæddur í janúar 1944. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 25. maí 2021, hefur hann þrisvar sinnum hlotið dóm fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, síðast árið 2014. Eins og að framan greinir gekkst ákærði undir geðrannsókn undir meðferð málsins. Niðurstaða hennar var sú að hvorki 15. gr. né 16. gr. almennra hegningarlaga ætti við um ákærða. Þrátt fyrir það mælir matsmaður með því að ákærða verði gert að sæta eftirliti göngudeildar réttargeðdeildar Landspítala.

Ákærði hefur verið fundinn sekur um brot gegn blygðunarsemi í fimm ákæruliðum og beindust brot hans gegn börnum. Ákærði hefur þrisvar sinnum áður verið dæmdur fyrir sams konar brot. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Með hliðsjón af fjölda tilvika og ítrekuðum brotum ákærða þykir ekki unnt að skilorðsbinda refsinguna. Þá er ekki unnt að láta ákærða sæta eftirliti réttargeðdeildar nema í kjölfar öryggisgæslu, sbr. 62. gr. almennra hegningarlaga, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 688/2014. Mikilvægt er að við fullnustu refsingarinnar verði litið til stöðu ákærða og þess gætt að hann fá þá heilbrigðisþjónustu sem hann þarf á að halda.

Réttargæslumenn brotþola hafa krafist miskabóta þeim til handa úr hendi ákærða. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn þeim öllum og eiga þeir rétt á miskabótum úr hendi hans á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Brotþolar eru allir ungir að árum og fram kom í skýrslutökum af þeim að brotin hafa fengið verulega á þá. Þá hafa foreldrar þeirra lýst afleiðingum brotanna. Þykja bætur til þeirra hæfilega ákveðnar 250.000 krónur ásamt vöxtum svo sem greinir í dómsorði, en bætur brotþolans D, verða ákveðnar 350.000 krónur, auk vaxta sem greinir í dómsorði.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 2.238.200 krónur, og þóknun réttargæslumanna brotáþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 671.460 krónur, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 883.500 krónur, Önnu Krístrúnar Einarsdóttur lögmanns, 471.200 krónur, og Ingu Lillýjar Brynjólfssdóttur lögmanns, 628.680 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmannanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá greiði ákærði 480.000 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Fanney B. Frostadóttir aðstoðarsaksóknari. Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði A 250.000 krónur, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. maí 2019 til 19. júlí 2020, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B 250.000 krónur, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. maí 2019 til 19. júlí 2020, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði C, 250.000 krónur, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. júlí 2019 til 19. júlí 2020, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði D 350.000 krónur, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 250.000 krónum frá 1. júlí 2019 til 19. júlí 2020, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, og með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 100.000 krónum frá 9. maí 2020 til 14. júlí 2021, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði I 250.000 krónur, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. nóvember 2019 til 14. júlí 2021, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði J 250.000 krónur, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. nóvember 2019 til 14. júlí 2021, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði N 250.000 krónur, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. maí 2020 til 14. júlí 2021, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 2.238.200 krónur, og þóknun réttargæslumanna brotáþola, Ólafar Heiðu

Guðmundsdóttur lögmanns, 671.460 krónur, Sigurðar Freys Sigurðssonar lögmanns, 883.500 krónur, Önnu Krístrúnar Einarsdóttur lögmanns, 471.200 krónur, og Ingu Lillýjar Brynjólfssonar lögmanns, 628.680 krónur. Ákærði greiði 480.000 krónur í annan sakarkostnað.